

L Ö G

44

27. júní

um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal til tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

2. gr.

Þeir stúdentar, sem leggja vilja stund á tannlæknanám og ljúka tannlæknaprófi, skulu hafa lokið miðhlutaprófi í læknisfræði. Að öðru leyti skal kveðið á um tilhögun kennslunnar í reglugerð.

3. gr.

Til þess að annast tannlæknakennsluna skal skipa sérstakan dósent við læknadeildina og tannsmið. Aukakennslu má fela stundakennurum. Dósentinn nýtur sömu réttinda og aðrir dósentar háskólans. Ráðherra ákveður tannsmið og stundakennurum laun, er greiðast úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

45

27. júní

um bæjarstjórn á Akranesi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Akraneskaupþún skal tekið í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Ytri-Akraneshrepp og heitir Akraneskaupstaður.

Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Borgarfjarðarsýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvornig málum þeim í Ytri-Akraneshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akranesi.